

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.11.2017

Sveitarstjórnarfundur haldinn í Skagabúð 10.11.2017

Mætt voru Jens Jónsson, Helga Ingimarsdóttir, Magnús Björnsson, Magnús Guðmannsson og Vignir Sveinsson.

Vignir setur fundinn og stýrir honum.

Dagskrá er eftirfarandi:

1. Bréf frá sóknarnefnd Höskuldsstaðakirkju

2. Farskólinn rekstrarstyrkur v/2018

3. Fjárbeiðni Stígamóta

4. Spjaldtölvukaup

5. Fjárhagsáætlun 2018-2021 fyrri umræða

6. Önnur mál

1. Borist hefur bréf frá sóknarnefnd Höskuldsstaðakirkju vegna viðhalds á girðingu um kirkjugarðinn á Höskuldsstöðum. Efniskostnaður var 116.800. Hlutur Skagabyggðar er kr. 58.400. Samþykkt

2. Farskólinn óskar eftir rekstrarstyrk v/2018 kr. 19.000. Samþykkt

3. Fjárbeiðni frá Stígamótum. Samþykkt að styrkja um 10.000

4. Spjaldtölvukaup

Oddvita var falið að kanna með verð á spjaldtölvum.

5. Fjárhagsáætlun

Drög að fjárhagsáætlun 2018-2021 lögð fram. Vísað til seinni umræðu

6. Önnur mál

Borist hefur styrkbeiðni frá Landgræðslunni v/verkefnisins Bændur græða landið. Óskað er eftir kr. 30.000. Beiðni samþykkt

Vignir skýrði frá vegaframkvæmdum sem eru í Geldingarskarði og Steinnýjarstaðafjalli á vegum Neyðarlínunnar, ekki hefur verið óskað eftir framkvæmdaleyfi né öðrum leyfum. Oddvita falið að skrifa bréf til Neyðarlínunnar og fá svör um umfang framkvæmdarinnar.

Jens kom með þá hugmynd að kaupa varmadælu í Skagabúð

Fleira ekki tekið fyrir fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið